

**Ed.**

**645. Frumvarp til laga**

**[182. mál]**

um afhendingu Þingeyjar í Skjálfafljóti.

(Eftir 3. umr. í Nd., 24. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfafljóti, sem er  $\frac{3}{4}$  hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eyinni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. gr.

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.